

Suzuki Connect Persónuverndarstefna notenda

Þessi persónuverndarstefna (“**stefna**”) lýsir því hvernig Suzuki Motor Corporation og Magyar Suzuki Corporation Ltd. (“**við**”, “**okkur**” og “**okkar**”), safna og vinna persónuupplýsingar þínar í tengslum við notkun þína á Suzuki Connect þjónustunni. Tekur hún meðal annars til notkunar þinnar á Suzuki Connect snjallsímaforritinu („**smáforritið**“), Suzuki skráða ökutækinu (“**skráða ökutækið**”) og hvers kyns annarri þjónustu sem veitt er í gegnum Suzuki Connect (hér eftir vísað til sem „**tengda þjónustan**“). Í þessari stefnu vísa hugtökin “**þú**” og “**þín**” til einstaklings sem notar eða fær aðgang að hinni tengdu þjónustu.

Þessi stefna tekur til söfnunar persónuupplýsinga um „**notanda**“ tengdu þjónustunnar. Notandinn, sem er aðalnotandinn sem skráir sig inn í smáforritið („**aðalnotandi**“), getur einnig bætt aukanotanda („**aukanotandi**“) við aðgang sinn með því að fylgja leiðbeiningunum í smáforritinu. Aðalnotandi getur takmarkað heimildir aukanotandans innan smáforritsins. Aukanotandi telst til notanda í skilningi þessarar stefnu og gilda ákvæði stefnunnar um hann eins og hann/hún sé notandi.

Hafðu í huga að jafnvel þótt notandi leigi hið skráða ökutæki til annars aðila, munum við safna persónuupplýsingum, þar á meðal staðsetningargögnum frá hinu skráða ökutæki, í því skyni að veita hina tengdu þjónustu. Ef notandi leigir hið skráða ökutæki til annars aðila, þarf notandi að afhenda slíkum aðila stefnu þessa svo viðkomandi geti skilið þá vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við hina tengdu þjónustu.

Þessi stefna lýsir því einnig hvernig við notum og verndum persónuupplýsingar þínar, réttindum þínum í tengslum við þessar persónuupplýsingar og með hverjum við deilum þeim. Suzuki Motor Corporation og Magyar Suzuki Corporation Ltd. koma fram sem sjálfstæðir ábyrgðaraðilar persónuupplýsinga þinna. Vinsamlegast skoðaðu kafla 8 hér að neðan til að fá upplýsingar um hvernig þú getur haft samband við okkur.

1. Hvers konar persónuupplýsingum kunnum við að búa yfir um þig?

1.1 Persónuupplýsingar eru allar þær upplýsingar sem hægt er að nota til að auðkenna þig. Við söfnum þessum persónuupplýsingum frá hinum ýmsu aðilum, þar á meðal persónuupplýsingum sem við fáum beint frá þér og persónuupplýsingum sem við öflum frá þriðju aðilum.

1.2 Okkur kann að vera skylt lögum samkvæmt að safna tilteknum persónuupplýsingum um þig, eða vegna samningssambands okkar við þig. Vanræksla þín á að veita slíkar upplýsingar kann að koma í veg fyrir eða leitt til tafa á því að við getum uppfyllt þessar skyldur.

(a) Persónuupplýsingar sem þú lætur okkur í té og persónuupplýsingar frá þriðju aðilum

1.3 Við söfnum persónuupplýsingunum þínum þegar þú veitir okkur þær beint, og í gegnum aðra þriðju aðila. Þetta felur í sér beinar auðkennisupplýsingar eins og nafn þitt og tengiliðaupplýsingar, en einnig óbeinar auðkennisupplýsingar, líkt og upplýsingar sem við kunnum að safna frá því raftæki og/eða hinu skráða ökutæki sem þú notar til að fá aðgang að hinni tengdu þjónustu. Til að mynda vinnum við þær persónuupplýsingar sem þú lætur okkur í té þegar þú skráir þig fyrir Suzuki Connect aðgangi í smáforritinu. Þetta kann einnig

að fela í sér söfnun persónuupplýsinga í tengslum við notkun þína á hinni tengdu þjónustu, svo sem á staðsetningargögnum og aksturssögu.

- 1.4 Við munum einnig safna persónuupplýsingum um þig frá öðrum aðilum, t.d. frá umboðsaðilum þar sem þú keyptir hið skráða ökutæki eða frá dreifingaraðilum eða þriðju aðilum sem veita okkur þjónustu.

(b) **Tegundir persónuupplýsinga sem við söfnum**

- 1.5 Tegundir þeirra persónuupplýsinga sem við vinnum um þig kunna að fela í sér allar tegundir upplýsinga sem þú lætur okkur í té með notkun þinni á hinni tengdu þjónustu, eða sem við söfnum frá þér eða frá þriðju aðilum eins og lýst er í stefnu þessari. Eftirfarandi eru dæmi um persónuupplýsingar sem við kunnum að vinna um þig:

- (i) **Persónu- og tengiliðaupplýsingar** - svo sem nafn þitt, póstfang og netfang, símanúmer og þjóðerni.
- (ii) **Tækjaupplýsingar og rafrænar upplýsingar** – svo sem IP tala snjallsímans þíns sem geymir smáforritið, gerð tækis, auðkenni tækisins, stýrikerfisútgáfu tækis þíns og GPS upplýsingar um hið skráða ökutæki.
- (iii) **Ökutækjaupplýsingar** – svo sem VIN, tegund ökutækis, númer á númeraplötu, greiningarupplýsingar um borð, akstursgögn (þar á meðal upplýsingar um hröðunar-/hæmlunarvenjur, kílómetrafjölda, snúningshraða, lengd ferða, hraða ökutækis og meðaleldsneytisnotkun), staða handbremsu, staða rafhlöðu (þar á meðal staða hleðslutækis, hleðslustig rafhlöðu, rafhlöðudrægni, raforkunotkun og upplýsingar um tímastilltar hleðslubeiðnir svo sem notkunartíma, tíðni og stillingar), upplýsingar um fjarstýringu á loftkælingu (svo sem notkunartíma, tíðni, stillingar og notkunarbeiðnir).
- (iv) **Staðsetningargögn** – svo sem GPS upplýsingar um hið skráða ökutæki, brottfarar- og áfangastaður sem sleginn er í smáforritið, lofthiti þar sem hið skráða ökutæki er staðsett, og staðsetning þeirrar hleðslustöðvar þar sem þú hleður rafhlöðuna.
- (v) **Viðhaldstengdar upplýsingar um ökutæki** – svo sem upplýsingar um rafhlöðu (þar á meðal hleðslustig og orkunotkun), viðhaldssögu og sögu um skipti á varahlutum í hinu skráða ökutæki.
- (vi) **Auðkenningarupplýsingar** – eins og skilríki þín sem gera þér kleift að komast inn á aðganginn þinn fyrir hina tengdu þjónustu, þar á meðal notandaauðkenni og lykilorð.
- (vii) **Þjónustutengdar upplýsingar** – svo sem upplýsingar um notkun þína á hinni tengdu þjónustu, dagsetningu samnings, endurnýjun og uppsögn á hinni tengdu þjónustu, notkun á hinu skráða ökutæki og upplýsingar um beiðnir þínar og fyrirspurnir.

2. **Hvernig við notum persónuupplýsingar þínar og á hvaða grundvelli við notum þær**

- 2.1 Við notum persónuupplýsingar þínar í eftirfarandi tilgangi og lögmætum grundvelli:

Tilgangur	Lögmætur grundvöllur
Til að veita þér hina tengdu þjónustu og sérsníða að þörfum þínum, svo sem til að	Til að uppfylla samningsbundnar skuldbindingar okkar gagnvart þér

tilkynna þér um tiltekna þætti í tengslum við hið skráða ökutæki, svo sem tímasetningu reglulegra skoðana	
Til að tryggja að hin tengda þjónusta virki sem skyldi	Til að uppfylla samningsbundnar skuldbindingar okkar gagnvart þér
Til að leysa úr fyrirspurnum þínum og beiðnum varðandi hina tengdu þjónustu	Til að uppfylla samningsbundnar skuldbindingar okkar gagnvart þér
Til að sannreyna persónuupplýsingar þínar í því skyni að staðfesta Suzuki Connect aðganginn þinn	Til að uppfylla samningsbundnar skuldbindingar okkar gagnvart þér
Til að uppfylla skyldur okkar í tengslum við peningaþvætti og til að uppfylla viðeigandi skattaskuldbindingar og skyldur okkar samkvæmt reglugerðum Evrópusambandsins	Til að uppfylla lagalegar skyldur okkar
Til að vinna með eftirlitsaðilum og löggæslustofnunum þar sem þess er krafist	Til að uppfylla lagalegar skyldur okkar
Til að skilja hvernig þú notar hina tengdu þjónustu og til að gera okkur kleift að afla þekkingar til að þróa nýja og endurbætta þjónustu í framtíðinni	Á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar
Til að framkvæma gagnarannsóknir og greiningar í því skyni að efla og/eða bæta Suzuki ökutæki og þjónustu og til að þróa ný Suzuki ökutæki og þjónustu	Á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar
Til að safna og/eða gera ópersónugreinanlegar upplýsingar sem hefur verið safnað í gegnum notkun þína á tengdu þjónustunni í öðrum tilgangi, í rannsóknar- og greiningarskyni	Á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar

2.2 Þar sem við byggjum á lögmætum hagsmunum okkar höfum við framkvæmt mat þar sem við höfum borið saman réttindi þín við okkar, til að tryggja að hagsmunir þínir til að vernda persónuupplýsingar þínar vegi ekki þyngra en hagsmunir okkar.

2.3 Við kunnum jafnframt að afla samþykkis frá þér til að safna og nota ákveðnar tegundir persónuupplýsinga þegar okkur er skylt að gera það samkvæmt lögum (til dæmis í tengslum við beina markaðssetningu og notkun á vefkökum). Ef við óskum eftir samþykki þínu til að vinna með persónuupplýsingar þínar er þér heimilt að afturkalla samþykki þitt hvenær sem er með því að breyta stillingunum í smáforritinu.

3. Sjálfvirk ákvarðanataka

3.1 Eins og stendur eiga sér ekki stað neinar sjálfvirkar ákvarðanatökur um þig, en ef við hefjum slíka vinnslu í framtíðinni munum við uppfæra þessa stefnu með viðeigandi upplýsingum áður en sú vinnsla fer fram.

4. Við hvaða aðstæður gæti persónuupplýsingum þínum verið deilt með öðrum?

4.1 Persónuupplýsingar þínar verða aðallega notaðar af okkur til að veita þér hina tengdu þjónustu; þó kunnum við einnig að miðla persónuupplýsingum þínum til:

- (a) **Þjónustuaðila okkar** sem framkvæma þjónustu fyrir okkar hönd, svo sem upplýsingatæknibirgja, skýjaþjónustuveitenda, þjónustuveitenda sem sinna þjónustu til viðskiptavina, greiðsluþjónustuveitenda, veitenda markaðsþjónustu og annarra þjónustuveitenda. Til dæmis kunnum við að eiga í samstarfi við önnur fyrirtæki til að tryggja öruggar greiðslur þegar þú skráir þig fyrir tengdu þjónustunni,

eða til að hagræða þjónustu okkar, senda markaðspóst og til að greina og varðveita gögn.

- (b) **Umboðs- og dreifingaraðila** sem selja vörur okkar og veita þjónustu í tengslum við hið skráða ökutæki. Við kunnum að deila upplýsingum um samninga þína og upplýsingum um bilanir hins skráða ökutækis með þessum aðilum í tengslum við veitingu hinnar tengdu þjónustu (t.d. vegna reglubundins viðhalds, innköllunar eða skoðunar ökutækis).
- (c) **Meðlima í Suzuki Motor Corporation hópnum.** Við vinnum náið með öðrum félögum og fyrirtækjum sem falla undir fyrirtækjafjölskyldu okkar. Við kunnum að deila ákveðnum upplýsingum um notkun þína á hinu skráða ökutæki, til dæmis með öðrum fyrirtækjum innan okkar hóps í því upplýsingaskyni.
- (d) **Löggæslustofnana, dómstóla, eftirlitsstofnana, stjórnvalda eða annarra þriðju aðila.** Við kunnum að deila persónuupplýsingum þínum með þessum aðilum ef við teljum það nauðsynlegt til að uppfylla lagalega skyldu eða skyldu samkvæmt reglugerðum, eða til að vernda réttindi okkar eða réttindi þriðja aðila.
- (e) **Sjálfstæðra viðgerðarmanna.** Við kunnum að deila upplýsingum um ökutæki og viðhaldstengdum upplýsingum með sjálfstæðum viðgerðaraðilum eins og krafist er samkvæmt lögum, til að gera sjálfstæðum viðgerðaraðilum kleift að gera nauðsynlegar viðgerðir á ökutæki þínu og til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt lögum Evrópusambandsins.
- (f) **Kaupendum eigna.** Við kunnum að deila persónuupplýsingum þínum með þriðja aðila sem kaupir, eða sem við framseljum til, allar eða að mestu leyti allar eignir okkar og rekstur, eða hluta af rekstri okkar eins og hinni tengdu þjónustu. Ef slík sala eða framsal á sér stað munum við leitast við að reyna að tryggja að aðilinn sem við framseljum persónuupplýsingar þínar til noti þær í samræmi við þessa stefnu.

4.2 Þar sem við erum hluti af alþjóðlegu fyrirtæki gætu viðtakendurnir sem vísað er til hér að ofan verið staðsettir utan lögsögunnar þar sem þú ert staðsettur (eða þar sem við veitum þjónustuna). Sjá kaflann "alþjóðlegur flutningur" hér að neðan fyrir frekari upplýsingar.

5. Alþjóðlegur flutningur

- 5.1 Þar sem við erum alþjóðlegt fyrirtæki gætum við þurft að flytja persónuupplýsingar þínar til annarra landa en búsetulands þíns þar sem við eða þjónustuveitendur okkar höfum aðstöðu. Þessi lönd kunna að hafa persónuverndarlög og reglur sem eru frábrugðnar þeim sem eru í búsetulandi þínu og kveða ef til vill ekki á um sömu vernd eða teljast ekki veita fullnægjandi vernd, líkt og kveðið er á um í lögum ESB eða Bretlands.
- 5.2 Í sumum tilvikum kunna upplýsingarnar þínar að vera fluttar til, geymdar og unnar í landi sem ekki er talið tryggja fullnægjandi vernd upplýsinga samkvæmt viðeigandi löggjöf (eins undir löggjöf Evrópusambandsins eða Bretlands). Þegar við framkvæmum slíkan flutning grípum við til viðeigandi öryggisráðstafana (svo sem fastra samningsákvæða) í samræmi við viðeigandi lög.
- 5.3 Upplýsingar sem staðsettar eru utan heimalands þíns kunna að vera háðar aðgangi ríkisstjórnar eða stofnana þess lands samkvæmt lögum fyrirskipunum.
- 5.4 Vinsamlegast hafðu samband við okkur til að fá frekari upplýsingar um viðeigandi öryggisráðstafanir, með því að hafa samband samkvæmt þeim upplýsingum sem gefnar eru upp undir greininni „Hafðu samband“ hér að neðan.

6. Gagnaöryggi og geymsla

6.1 Við höfum gert tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi öryggisstig í samræmi við áhættuna fyrir þær persónuupplýsingarnar sem við vinnum. Þessar ráðstafanir miða að því að tryggja viðvarandi heilleika og trúnað persónuupplýsinga. Við framkvæmum mat á þessum ráðstöfunum reglulega til að tryggja öryggi vinnslunnar.

6.2 Við munum varðveita persónuupplýsingar þínar eins lengi og nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar sem fram kemur í stefnu þessari. Þegar sambandi okkar við þig er lokið munum við varðveita persónuupplýsingar þínar í ákveðinn tíma sem gerir okkur kleift að:

- Viðhalda viðskiptaskrár í greiningar- og/eða endurskoðunarskyni
- Framfylgja öllum viðeigandi skattskyldum
- Framfylgja kröfum um varðveislu gagna samkvæmt lögum
- Verja eða hafa uppi núverandi eða mögulegar réttarkröfur
- Leysa úr kvörtunum vegna þjónustunnar.

Vinsamlegast hafðu samband við okkur fyrir frekari upplýsingar um hvernig við varðveitum persónuupplýsingar þínar, og hversu lengi, með því að hafa samband samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í grein 8 hér að neðan.

6.3 Ef það eru einhverjar persónuupplýsingar sem við getum, af tæknilegum ástæðum, ekki eytt alfarið úr kerfum okkar, munum við gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari vinnslu eða notkun þeirra persónuupplýsinga.

7. Réttindi þín yfir persónuupplýsingum þínum

7.1 Að því er varðar persónuupplýsingar sem við geymum um þig, hefur þú rétt til að: fá aðgang að, fá leiðréttar, krefjast eyðingar á, takmarka notkun okkar á, andmæla tiltekinni notkun á, fá á nothæfu rafrænu formi og fá sendar til þriðja aðila (einnig þekkt sem réttur flutnings), leggja fram kvörtum til persónuverndaryfirvalda í tengslum við vinnslu okkar á, eða afturkalla hvers kyns samþykki sem er grundvöllur fyrir notkun eða birtingar persónuupplýsinga þinna.

7.2 Við hvetjum þig til að hafa samband við okkur til að uppfæra eða leiðrétta persónuupplýsingar þín ef þær breytast eða ef þær persónuupplýsingar sem við höfum um þig eru ónákvæmar. Við munum hafa samband við þig ef við þurfum frekari upplýsingar frá þér til að verða við beiðnum þínum. Ef þú vilt nýta þér réttindi þín eða ef þú hefur spurningar um réttindi þín, vinsamlegast hafðu samband við okkur í gegnum upplýsingarnar hér að neðan.

8. Hafðu samband

8.1 Eins og fram kemur hér að ofan koma Suzuki Motor Corporation og Magyar Suzuki Corporation Ltd. fram sem sjálfstæðir ábyrgðaraðilar og bera ábyrgð á þeim persónuupplýsingum sem við söfnum og vinnum um þig í tengslum við hina tengdu þjónustu.

8.2 Suzuki Motor Corporation er með skráð heimilisfang á 300 Takatsuka-cho, Chuo-ku, Hamamatsu-shi, Shizuoka-ken, Japan.

- 8.3 Magyar Suzuki Corporation Ltd er með skráð heimilisfang á 2500 Esztergom, Schweidel JOZSEF utca 52, Ungverjalandi.
- 8.4 Ef þú hefur einhverjar spurningar eða áhyggjur varðandi það hvernig persónuupplýsingar þínar hafa verið notaðar eða vilt nýta þér rétt þinn gagnvart einni af ofangreindum einingum, er bæði hægt að hafa samband við Suzuki Motor Corporation og Magyar Suzuki Corporation Ltd. með tölvupósti á netfangið privacy-contact-eu@suzuki.hu.
- 8.5 Fyrir persónuverndartengd málefni geturðu einnig haft samband við viðeigandi persónuverndarfulltrúa:
- (a) Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Suzuki Motor Corporation á 300 Takatsuka-cho, Chuo-ku, Hamamatsu-shi, Shizuoka-ken, Japan, eða með tölvupósti á netfangið dpo@hhq.suzuki.co.jp.
 - (b) Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Magyar Suzuki Corporation Ltd. á 2500 Esztergom, Schweidel JOZSEF utca 52, Ungverjalandi, eða með tölvupósti á netfangið dpo@suzuki.hu.
- 8.6 Við munum leggja okkur fram við það að reyna að finna sanngjarna lausn á hvers kyns kvörtun eða áhyggjuefnis í tengslum við friðhelgi einkalífs. Hins vegar ef þú telur okkur ekki hafa getað aðstoðað í tengslum við kvörtun þína eða áhyggjuefni, hefur þú rétt á að leggja fram kvörtun til viðkomandi eftirlitsyfirlvals.
- 8.7 Samskiptaupplýsingarnar hér að ofan skulu aðeins notaðar fyrir fyrirspurnir sem tengjast persónuverndarmálefnum og vinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum eins og getið er um í þessari stefnu. Vinsamlegast hafðu samband við dreifingaraðila okkar í þínu landi fyrir frekari fyrirspurnir og beiðnir með því að nota tengiliðaupplýsingar þeirra sem aðgengilegar eru á þessum hlekk: (<https://www.globalsuzuki.com/globallinks/>). Vinsamlegast athugaðu að við munum ekki svara fyrirspurnum og beiðnum sem beint er á tengiliðaupplýsingarnar hér að ofan sem tengjast því ekki hvernig við söfnum og vinnum persónuupplýsingar þínar.

9. Breytingar á stefnunni

- 9.1 Þér er heimilt að afrita stefnu þessa. Við kunnum að breyta eða uppfæra stefnu þessa öðru hvoru.
- 9.2 Ef við breytum stefnu þessari, munum við tilkynna þér um breytingarnar. Ef breytingarnar hafa grundvallaráhrif á eðli vinnslunnar eða hafa á annan hátt veruleg áhrif á þig, munum við tilkynna þér um þær með nægilegum fyrirvara til þess að þú hafir tækifæri til að nýta þér réttindi þín (t.d. til að mótmæla vinnslunni).
- 9.3 Þessi stefna var síðast uppfærð: 12. september 2025.